


Alþingi
Erindi nr. P 132/894
komudagur 17. 2. 2006

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Ályktun frá starfsmönnum Ríkisútvarpsins sem eru félagar í Útgarði.

Félagsmenn Útgarðs hjá Ríkisútvarpinu telja að ákvæði um réttindi starfsmanna í frumvarpi til laga um Ríkisútvarpið hf., séu ekki nægjanlega skýr. Þess vegna tókum við undir umsögn BSRB og BHM um frumvarpið í öllum atriðum. Félagsmenn óska eftir því að greinarbetri ákvæði um réttindi starfsmanna verði sett inn í lagafrumvarpið og löggin og að þau ákvæði tryggi að starfsmenn haldi lífeyrisréttindum sínum, biðlaunarétti, veikinda og orlofsrétti svo nokkuð sé nefnt. Vísam við í lög um stofnun hlutafélaga um Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands frá því í maí 1997. Í þeim eru ákvæði um réttindi starfsmanna þar sem tekið er nákvæmar á málum starfsmanna og óskum við eftir því að þau verði höfð til hliðsjónar.

F.h. féлага í Útgarði hjá Ríkisútvarpinu


Bergljót Baldursdóttir, trúnaðarmaður